



Greinargerð bankaráðs
Landsbankans vegna
bréfs Bankasýslu
ríkisins, dags. 18. mars
2024



Óformlegar viðræður Landsbankans við Kvikú um kaup á TM

- Landsbankinn hefur það markmið að auka þjónustuframboð til að bæta ánægju viðskiptavina og styrkja viðskiptatengsl. Liður í þeirri vinnu hefur verið að kanna fýsileika þess að bæta tryggingum við fjölbreytta fjármálaþjónustu bankans.
 - Í júní 2023 var settur saman starfshópur innan bankans til að skoða möguleika á kaupum á TM.
 - 8. júní 2023, í samráði við bankaráð, var ákveðið að kanna áhuga Kvikú á að hefja viðræður við Landsbankann um kaup á TM.
 - 9. júní 2023 óskaði Landsbankinn skriflega eftir viðræðum við Kvikú um möguleg kaup Landsbankans á öllu hlutafé í TM.
 - 16. júní 2023 lagði Landsbankinn fram óskuldbindandi tilboð í alla hluti TM. Tilboðið var byggt á verðmati ráðgjafa Landsbankans sem aftur byggði á opinberum gögnum um félagið og verðkennitölum sambærilegra félaga.
 - Kvikú tók ekki afstöðu til tilboðsins m.a. vegna ólíkra verðhugmynda.
 - 23. júní 2023 var sendur tölvupóstur til Kvikú sem útlistaði helstu forsendur tilboðsins og tilgreindi hvert mögulegt verðbil gæti verið á TM með breyttum forsendum.
- 3. júlí 2023 var skrifað undir trúnaðarsamning á milli Landsbankans og Kvikú. Tilgangur trúnaðarsamningsins var að gefa Landsbankanum aðgang að takmörkuðum trúnaðargögnum um TM og athuga hvort efni þeirra, ásamt samtölum við stjórnendur TM, gæfi tilefni til frekara samtals.
 - Landsbankanum og ráðgjöfum bankans var veittur aðgangur að gagnaherbergi sem innihélt takmarkaðar upplýsingar um TM. Á meðal upplýsinga voru:
 - Eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA) fyrir árið 2023
 - Upplýsingar um fjárfestingareignir
 - Rekstraráætlun til 3 ára
 - Eftir yfirferð á gögnum, nánari greiningu og samtöl við stjórnendur TM var niðurstaða Landsbankans og Kvikú að ekki væri tilefni til að halda samtalinu áfram á þeim tímapunkti enda hafði ekkert sem kom fram breytt afstöðu Landsbankans til verðbilsins.

Þátttaka Landsbankans í opnu sölufjerli Kvikú á TM

- 17. nóvember 2023 tilkynnti Kvika opinberlega að sölufjerli á TM myndi hefjast sama dag.
- 22. nóvember 2023 undirritaði Landsbankinn trúnaðaryfirlýsingu í tengslum við sölufjerlið.
- 23. nóvember 2023 fékk Landsbankinn afhenta fjárfestakynningu um TM og áætlaða tímalínu fyrir fyrsta fasa sölufjerlisins.
- Samkvæmt tímalínu sölufjerlisins átti að skila inn óskuldbindandi tilboði eigi síðar en 20. desember 2023.
- Landsbankinn vann að verðmati á félaginu byggt á fjárfestakynningu þess ásamt fundi með stjórnendum félagsins.
- 18. desember 2023 fór fram bankaráðsfundur Landsbankans þar sem farið var ítarlega yfir verðmat ráðgjafa bankans ásamt greiningar á tækifærum í tryggingastarfsemi, hvort heldur með kaupum á TM eða eftir öðrum leiðum. Á fundinum var samþykkt að leggja fram óskuldbindandi tilboð í allt hlutafé TM.
- 20. desember 2023 lagði Landsbankinn fram óskuldbindandi tilboð. Í kjölfar viðræðna við ráðgjafa Kvikú í sölufjerlinu var uppfært óskuldbindandi tilboð lagt fram þann 21. desember.
- 22. desember 2023 staðfesti Kvika að Landsbankanum, á grundvelli óskuldbindandi tilboðs, væri boðið áfram í seinni fasa sölufjerlisins á TM.
- 9. janúar 2024 hófst seinni fasi sölufjerlisins með tölvupósti frá Kvikú.
- Ítarlegar greiningar og sviðsmyndir voru unnar af starfsfólki og ráðgjöfum Landsbankans, m.a. greining á því hvernig tryggingar gætu fallið að vöruframboði bankans og mismunandi leiðir rýndar.
- Landsbankinn fékk aðgang að ítarlegum gögnum um TM, ásamt áreiðanleikakönnunum seljanda, stjórnendafundum og þá var einnig sendur fjöldi spurninga til ráðgjafa Kvikú sem stjórnendur TM og Kvikú sáu um að svara.
- Landsbankinn vann greiningar um kaupin, m.a. um sölu trygginga í gegnum bankann, kosti og galla innleiðingar tryggingasölu í þjónustuframboð bankans, mögulegt kostnaðarhagræði sem næðist í rekstri TM eftir kaupin og leiðir við fjármögnun viðskiptanna.
- Farið var yfir þróun og stöðu mála á bankaráðsfundum 18. janúar, 22. febrúar og 6. mars sl.
- 14. mars 2023 fór fram bankaráðsfundur þar sem farið var yfir niðurstöður verðmats, fjármögnun og fjárhagsleg áhrif, aðferðafræði við framlagningu tilboðs og áreiðanleikakönnun, aðlögun kaupverðs og drög að kaupsamningi. Á fundinum var samþykkt að leggja fram skuldbindandi tilboð í allt hlutafé TM.

Upplýsingaskylda bankaráðs til Bankasýslunnar

Samkvæmt samningi um almenn og sértæk markmið í rekstri NBI frá 2010

Ákvæði um upplýsingagjöf til hluthafa

- Viðskiptaáætlun, ársreikningur og aðalfundur, ársfjórðungsleg skýrslugjöf, upplýsingafundur með hluthöfum, kynningarfundir í tengslum við aðalfundi.
- Árleg skýrslugjöf - hvernig bankinn hefur mætt ákvæðum og markmiðum samningsins.
- Mikilvæg atriði (grein 5.6):
 - Bankinn skal án tafar og til viðbótar við ofangreinda skýrslugjöf upplýsa hluthafa um öll mikilvæg mál sem upp kunna að koma, eða eru ákveðin af bankanum og gætu haft afgerandi áhrif á rekstur og efnahag. Jafnframt skal bankinn upplýsa Bankasýslu ríkisins um öll mikilvæg mál sem upp kunna að koma eða eru ákveðin af bankanum og kunna að hafa áhrif á atriði er varða samninginn.
 - Sambærilegt ákvæði er í eigendastefnunni.


Mat bankaráðs á hvort upplýsingaskylda hafi verið uppfyllt

- Bankaráð telur að það hafi uppfyllt skyldur sínar til upplýsingagjafar samkvæmt samningi bankans við Bankasýsluna frá 2010, þ.m.t. ákvæði í grein 5.6.
- Bankaráð vísar til yfirlits yfir upplýsingagjöf bankans (sjá næstu glæru).

Upplýsingagjöf bankaráðs til Bankasýslunnar varðandi kaup á TM

- Frá miðju ári **2023** hefur bankaráð átt í samskiptum við stjórnarformann, stjórnarmenn og forstjóra BR þar sem fram hefur komið áhugi bankaráðs á tryggingamarkaðnum og eftir atvikum kaupum á TM. Samskiptin hafa farið fram í tölvupóstum, á fundum og með símtölum.
- **9. júní 2023** átti formaður bankaráðs símtal við stjórnarformann BR þar sem lýst var áhuga bankans á tryggingamarkaðnum.
- **11. júlí 2023** upplýsti formaður bankaráðs stjórnarformann BR og forstjóra BR í tölvupósti um áhuga bankans á kaupum á TM. Í tölvupóstinum kemur fram að bankaráð sjái mörg tækifæri með kaupum bankans á TM. Bankinn hafi fengið aðgang að takmörkuðum gögnum hjá TM en engar formlegar viðræður séu hafnar milli aðila. Þetta ferli taki vafalaust nokkrar vikur. Jafnframt kemur fram að formaður bankaráðs muni halda BR upplýstri um framgang mála.
- **20. júlí 2023** upplýsti formaður bankaráðs stjórnarformann BR og forstjóra BR í tölvupósti um að ekki hafi komist á formlegar viðræður við Kvikú vegna TM.
- **20. desember 2023**, sama dag og bankinn lagði fram óskuldbindandi tilboð í TM, átti formaður bankaráðs símtal við stjórnarformann BR þar sem hún upplýsti um tilboð bankans.
- **Um miðjan janúar 2024** var hver og einn bankaráðsmaður boðaður í viðtal hjá stjórn BR í tengslum við val á stjórnarmönnum fyrir næsta starfsár. Í einu viðtalinu, þann **16. janúar**, var farið ítarlega yfir áhuga bankans á að kaupa tryggingafélag og samþættingu á rekstri banka og tryggingafélaga. Í öðru viðtali sama dag var rætt um að tryggingar féllu vel að bankastarfsemi.
- **17. mars 2024** upplýsti formaður bankaráðs stjórnarformann BR í símtali um að bankinn hefði gert skuldbindandi tilboð í TM og að Kvikú hefði tekið því.

Aðdragandi tilboðs, framvinda og ákvarðanataka



Heimildir til reksturs tryggingafélags

Úr samþykktum Landsbankans, 3. gr.

- Tilgangur félagsins er að starfrækja viðskiptabanka. Skal félaginu heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem fjármálafyrirtækjum er heimil lögum samkvæmt á hverjum tíma sem og aðra starfsemi í eðlilegum tengslum við hana.
- Félaginu er heimilt að taka þátt í starfsemi sem samrýmist rekstri þess og gerast eignaraðili í öðrum félögum í því skyni.

Heimildir til váttryggingastarfsemi skv. lögum um fjármálafyrirtæki (23. gr.)

- Heimildir til váttryggingastarfsemi: Viðskiptabönkum [...] er heimilt að reka váttryggingafélag í sérstöku félagi.

Ákvörðun um kaup á TM í ljósi ákvæða eigandastefnu ríkisins

Stjórnarhættir

- Stjórn starfar sjálfstætt eftir lögum og reglum um fjármálafyrirtæki.
- Hlutverk stjórnenda og stjórnarmanna er að gæta hagsmuna félagsins í hvívetna.
- Fjármálafyrirtæki skulu rekin á viðskiptalegum forsendum á ábyrgð stjórnar og stjórnenda eins og önnur félög.
- Stjórnarmenn skulu fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.
- Viðhafa skal skýr ábyrgðarskil og stjórnunarlegan aðskilnað milli eiganda og bankans.
- Stjórn skal vera sjálfstæð í störfum sínum og bera ábyrgð á starfi og rekstri bankans.
- Bankinn skal gæta jafnræðis gagnvart öllum hluthöfum.

Framþróun

- Bankinn skal stuðla eins og kostur er að nýjungum og nýbreytni og stöðugri framþróun í starfseminni og viðhalda samkeppnisfærni hans.
- Hlutverk stjórnar er að vinna að framgangi bankans í samræmi við lög, reglur, samþykktir og leiðbeinandi tilmæli (fjármálaeftirlits/EBA) sem um starfsemina gilda.
- Bankinn skal setja sér skýr og metnaðarfull markmið í rekstri.

Stefnumótun og rekstrarmarkmið

- Bankaráð skal hafa forystu um að móta stefnu og setja bankanum markmið í samræmi við eigandastefnuna.
- Stjórnarmönnum og stjórnendum ber að fylgja þeim viðmiðum og markmiðum sem sett eru fram í eigandastefnunni.
- Starfsemi fjármálafyrirtækja skal byggjast á markvissri stefnu og hagkvæmum rekstri sem skilar ávinningi til viðskiptavina og samfélagsins til lengri tíma.
- Fjárfestingar og fjárhagsleg áhætta sem tekin er í rekstri bankans skal miða að því að reksturinn verði fjárhagslega stöðugur til skemmri og lengri tíma litið.
- Leitast skal við að hámarka langtímavirði eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum að teknu tilliti til áhættu.
- Bankinn skal í áætlunum sínum stefna að viðunandi arðsemi í samræmi við áhættu rekstrar.
- Arðsemi skal byggjast á varkárum langtímasjónarmiðum.
- Leitast skal við að hámarka langtímavirði eignarhlutar ríkisins í fjármálafyrirtækjum að teknu tilliti til arðsemi í rekstri þeirra.

Rökrétt skref í átt að alhliða fjármálaþjónustu

Samspil banka- og tryggingaþjónustu er þekkt víða um heim og hefur einnig færst í aukana á íslenskum fjármálamarkaði undanfarin ár.

Stefna Landsbankans og markmið til næstu ára eru skýr. Ljóst er að innleiðing tryggingastarfsemi passar vel við stefnuna og þá mælikvarða sem settir hafa verið, sem og að auka arðsemi eigin fjár bankans. Með bankatryggingum nær bankinn einnig að:

- Fjölga tekjustofnum
- Stuðla að aukinni viðskiptatryggð
- Einfalda líf viðskiptavina sem hafa „allt á einum stað“

Öflugt dreifinet og stór viðskiptavinagrunnur gerir bankanum kleift að auka verðmæti tryggingafélags og þar með verðmæti bankans en snertifletir viðskiptavina við bankann eru upplagðir til að bjóða tryggingavernd.



Með kaupum Landsbankans á TM mun bankinn geta boðið viðskiptavinum sínum enn betri og fjölbreyttari fjármálaþjónustu

Samantekt viðskipta

- Landsbankinn og Kvika komust að samkomulagi um að hefja einkaviðræður um kaup Landsbankans á TM þann 17. mars sl. á grundvelli kauptilboðs sem bankinn lagði fram í allt hlutfé TM þann 15. mars sl.
- Möguleg kaup eru m.a. háð niðurstöðu áreiðanleikakönnunar og samþykki Samkeppniseftirlitsins og fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.
- Kaupverð samkvæmt tilboðinu er 28,6 ma.kr. og mun Landsbankinn greiða fyrir hlutféð með reiðufé. Endanleg greiðsla fyrir félagið er háð kaupverðsaðlögun á þeim degi sem bankinn tekur við rekstri félagsins.
- Ekki er gert ráð fyrir að kaupin hafi áhrif á arðgreiðslustefnu bankans, sem er að greiða að jafnaði um 50% af hagnaði fyrra árs til hluthafa.

Helstu lykiltölur viðskiptanna

Skuldbindandi tilboð Landsbankans	<ul style="list-style-type: none">▪ 28,6 ma.kr.▪ 100% reiðufé
Verðkennitala kaupverðs	<ul style="list-style-type: none">▪ P/TBV: 2,0x

Hámörkun á virði hluthafa Landsbankans er grundvöllur viðskiptanna

- 1 Styrkir tekjustoðir Landsbankans**

Með kaupum á TM nær Landsbankinn að víkka þjónustuframboð sitt og minnka sveiflur í rekstri. Bankinn mun geta boðið viðskiptavinum enn betri og fjölbreyttari þjónustu.
- 2 Samlegðar-tækifæri**

Landsbankinn og ráðgjafar bankans hafa unnið að greiningu á rekstri og framtíðarhorfum TM auk greiningar á samþættingartækifærum Landsbankans og TM. Framkvæmd var ítarleg greining á tekju- og kostnaðarsamlegð og settar voru fram mismunandi sviðsmyndir sem lagðar voru til grundvallar við mat á fjárfestingartækifærinu.
- 3 Eykur verðmæti Landsbankans**

Arðsemi efnislegs eigin fjár TM var að meðaltali 18,5% á árunum 2015-2023. Tryggingafélög á Íslandi hafa sögulega skilað góðri arðsemi og skilað ávinningi til hluthafa í formi arðs. Það liggja því mikil tækifæri fyrir Landsbankann í að auka arðsemi sína með því að samþætta rekstur sinn við tryggingafélag, sérstaklega í ljósi þeirra tækifæra sem felast í samlegð og að geta boðið viðskiptavinum fjölbreyttari þjónustu.

Markmið Landsbankans er fyrst og fremst að hámarka virði hluthafa bankans. Bankinn gerir það með því að fjárfesta í verkefnum þar sem vænt ávöxtun er hærri en arðsemismarkmið bankans. Í þessu tilfelli, þegar tekið er tillit til væntrar framtíðar arðgreiðslna TM og framtíðarvirðis byggt á sviðsmyndum um samlegð, er það mat bankans að í kaupum á TM felist tækifæri til verðmætaaukningar.

TM sem fjárfestingarkostur fyrir Landsbankann

Tækifæri til vaxtar

- Vátryggingamarkaðurinn hefur vaxið að meðaltali um 8,4% á ári á tímabilinu 2015-2023.
 - Til samanburðar hefur vísitala neysluverðs hækkað að meðaltali um 4,2% á ári á sama tíma, sem samsvarar 4,1% árlegum raunvexti á tímabilinu.
- Landsbankinn hefur vilja til að starfa á mörkuðum sem hafa sýnt fram á viðvarandi vöxt, sjálfbærni og góða arðsemi – einkenni sem hafa sögulega einkennt vátryggingamarkaðinn á Íslandi.
- Landsbankinn sér fram á áframhaldandi vöxt með því að samþætta rekstur sinn við tryggingarekstur og ná fram frekari vexti með samlegð.


Aukin arðsemi

- Arðsemi tryggingafélaga hefur sögulega verið góð og félög almennt greitt töluverðan hluta hagnaðar í arð. Meðaltal arðsemi efnislegs bókfærðs eigin fjár (ROTE) innlendra tryggingafélaga á tímabilinu 2015-2023 var 17,7%.
 - Arðsemi TM á tímabilinu var að meðaltali 18,5%.
- Til samanburðar var arðsemi eigin fjár Landsbankans á sama tímabili um 8,7%⁽¹⁾ (2023: 11,6%). Bankinn telur því tækifæri til að auka arðsemi sína með kaupum á tryggingafélagi og þannig skila meiri verðmætum til hluthafa.

Álitlegt fjárfestingartækifæri fyrir Landsbankann

- Ráðgjafar bankans teiknuðu upp mismunandi grunn- og samlegðarsviðsmyndir út frá ítarlegri greiningu á rekstri TM og samþættingartækifærum.
- Niðurstaðan var sú að miðað við kaupverðið 28,6 ma.kr. og varfærnustu samlegðarsviðsmynd er áætlað að fjárfesting í TM geti skilað innri ávöxtun umfram 18%.
- Fjárfestingin hefði enn fremur stighækkandi jákvæð áhrif á ávöxtun eigin fjár bankans með tilheyrandi virðisaukningu fyrir hluthafa inn í framtíðina.
- Með því að grípa frekari samlegðartækifæri yrði fjárfestingin enn álitlegri.

Samanburður á efnahagsstærðum Landsbankans og TM



(1) Ekki leiðrétt fyrir óefnislegum eignum. Óefnislegar eignir Landsbankans er óverulegur hluti af heildareignum.

Áhrif á getu bankans til arðgreiðslna til hluthafa

Arðgreiðslustefna Landsbankans

- Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði um 50% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við markmið um eiginfjárhlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.
- Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn viðhaldi afar sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættum í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár-og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

Áhrif viðskiptanna á fjármagnsskipan og arðgreiðslugetu Landsbankans

- Eiginfjárbinding vegna kaupanna er um 18,7 ma.kr. og án mótvægisáðgerða lækka eiginfjárhlutföll bankans um 1,5 prósentur.
- Sem mótvægisáðgerð er fyrirhuguð útgáfa víkjandi skuldabréfa viðbótar eigin fjár þáttar 1, að fjárhæð um 13,5 ma.kr.

Mælikvarði	31.12.2023	Áhrif kaupa á TM	Staða eftir kaup á TM	Mótvægisáðgerðir 2024	Staða a.t.t. mótvægisáðgerða	Markmið Landsbankans	Heildarkrafa fjármálaeftirlits
Hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 (CET1)	22,0%	-1,5%	20,5%	0,0%	20,5%	> 18%	> 16.0%
Hlutfall eigin fjár þáttar 1 (Tier 1)	22,0%	-1,5%	20,5%	1,0%	21,5%	> 20%	> 18.0%
Eiginfjárhlutfall alls (TCR)	23,6%	-1,5%	22,1%	1,0%	23,1%	> 22%	> 20.7%
MREL hlutfall	37,9%	-2,1%	35,8%	1,0%	36,8%	> 35%	> 31.5%
Heildarlausafjárþekja (LCR)	181%	-24%	157%	11%	168%	> 140%	> 100%

Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða:

- hafa kaup bankans engin áhrif á getu hans til reglulegra arðgreiðslna.
- draga kaupin úr getu bankans til sérstakra arðgreiðslna til skemmri tíma, en auka heildararðgreiðslugetu til lengri tíma.
- viðheldur bankinn óbreyttri lánshæfiseinkunn, að öðru óbreyttu, með áframhaldandi hagkvæmri fjármagnsskipan.

Skuldbindandi tilboð og samningur

Helstu ákvæði skuldbindandi tilboðs Landsbankans, dags 15. mars 2024

- Tilboðsform frá Kvik.
- Með tilboðinu fylgdu drög að kaupsamningi.
- Tilboðsfjárhæð var 28,6 ma.kr. í reiðufé.
- Samkvæmt kaupsamningsdrögum er endanlegt kaupverð háð kaupverðsaðlögun m.v. stöðu TM á þeim degi sem Landsbankinn fær félagið afhent.
- Fyrirvarar í tilboðinu:
 - Áreiðanleikakannanir Landsbankans.
 - Samkomulag um endanlegan kaupsamning og önnur tengd skjöl.
 - Samþykki fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og Samkeppniseftirlitsins.
- Þá er í tilboðinu vísað til kaupsamningsdraga að því er varðar aðra fyrirvara.